

152. löggjafarþing 2021–2022.

163. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993 (aldur hjónaefna, könnunarmenn o.fl.).

Frá dómsmálaráðuneyti

Til allsherjar- og menntamálanefndar

25. mars 2022

1) Samspil hjúskaparlaga nr. 31/1993 og laga um útlendinga nr. 80/2016

Allsherjar- og menntamálanefnd óskaði eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um það hvort skoða þurfi lagabreytingu um undanþágu í lögum um útlendinga varðandi heimild til fjölskyldusameiningar, þegar sú staða kemur upp að einstaklingur var undir 18 ára aldri þegar til hjúskapar var stofnað. Óskað var upplýsinga um hvort þetta hefði komið til skoðunar hjá ráðuneytinu við vinnslu málsins og hvort hægt væri að bregðast við þessu sjónarmiði. Ráðuneytið aflaði upplýsinga frá Útlendingastofnun vegna fyrirspurnarinnar.

Dvalarleyfi

Samkvæmt Útlendingastofnun hefur ekki verið veitt dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar við maka til einstaklings sem stofnaði til hjúskapar undir 18 ára aldri og slíkum umsóknum yrði synjað þar sem fram kemur í 1. mgr. 70. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 að „*Hvor aðili um sig verður að hafa verið eldri en 18 ára þegar stofnað var til hjúskaparins eða sambúðarinnar.*“ Ekki verði séð að fyrirhugaðar breytingar hafi áhrif á framkvæmd og túlkun laga um útlendinga þar sem ákvæði 70. gr. laganna væri skýrt hvað það varðar, þ.e. að hvor aðili um sig verður að hafa verið eldri en 18 ára þegar stofnað var til hjúskaparins eða sambúðarinnar. Umsóknir um dvalarleyfi þar sem ofangreint á við eru afar fátíðar og fann Útlendingastofnun ekki tilvik þar reynt hefur á þetta álitamál.

Alfjóðleg vernd

Hvað varðar þau tilvik þegar útlendingur, sem hlotið hefur alfjóðlega vernd hér á landi, óskar eftir fjölskyldusameiningu á grundvelli hjúskapar við maka, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga um útlendinga, þar sem annar eða báðir aðilar voru undir 18 ára aldri þegar stofnað var til hjúskaparins, hefur Útlendingastofnun í framkvæmd litið til skilyrða 1. mgr. 70. gr. laganna um að viðurkenna ekki hjúskapinn. Stofnunin hefur þó fengið fáar slíkar umsóknir. Í þeim tilvikum þar sem ofangreint á við hefur fjölskyldusameining þó verið veitt að þeim skilyrðum uppfylltum að báðir hafi náð 18 ára aldri þegar óskað var eftir sameiningu, eigi börn saman eða uppfylli skilyrði sambúðar skv. 70. gr. laganna eftir 18 ára aldur. Í þeim tilvikum hafa viðkomandi verið látin vita að þau verði að ganga í hjúskap aftur hér á landi til að hjúskapur þeirra sé viðurkenndur samkvæmt íslenskum lögum og skráður í Þjóðskrá. Byggir þetta á upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands. Ekki er gert ráð fyrir að þessi framkvæmd breytist ef frumvarpið til laga um breytingu á hjúskaparlögum verður samþykkt óbreytt.

Hjúskapur þeirra sem voru 15 ára eða yngri hefur ekki verið viðurkenndur en samkvæmt Útlendingastofnun mætti mögulega líta til þess hvort skilyrði sambúðar séu uppfyllt talið frá 18 ára

aldri. Samkvæmt upplýsingum frá Útlendingastofnun yrði umsóknnum einstaklinga, 15 ára eða yngri, sem sækja um fjölskyldusameiningu á grundvelli hjúskapar við einstakling með alþjóðlega vernd hér á landi synjað óháð breytingum á hjúskaparlögum.

Samantekt

Samkvæmt Útlendingastofnun munu fyrirhugaðar breytingar á hjúskaparlögum ekki hafa áhrif á meðferð framangreindra mála hjá stofnuninni eins og hún er í dag. Ráðuneytið telur því mögulegt að ákveðið misræmi geti orðið milli hjúskaparlaga og laga um útlendinga að óbreyttu. Möguleiki er á því að einstaklingur fái hjúskap viðurkenndan samkvæmt ákvörðun sýslumanns eða ráðuneytis á grundvelli hjúskaparlaga þrátt fyrir að viðkomandi hafi ekki náð 18 ára aldri þegar hjónavígsla fór fram en hjúskapur væri mögulega ekki viðurkenndur á grundvelli laga um útlendinga. Ráðuneytið telur því koma til greina að leggja til breytingar á 70. gr. laga um útlendinga.

Tillögur til breytinga á frumvarpi (I)

Á eftir 4. málslíð 1. mgr. 70. gr. laga um útlendinga komi nýr málslíður, svohljóðandi:

Hafi verið stofnað til hjúskapar erlendis áður en aðili náði 18 ára aldri er þó heimilt að líta til þess hvort hjúskapur hafi verið viðurkenndur samkvæmt úrskurði sýslumanns eða ráðuneytis samkvæmt 25. gr. a hjúskaparlaga nr. 31/1993 og verið skráður í Þjóðskrá.

2) Stafrænt ferli könnunar hjónavígsluskilyrða

Sýslumenn í samstarfi við Stafrænt Ísland, vinna nú að innleiðingu vefviðmóts fyrir rafrænar umsóknir um könnun hjónavígsluskilyrða. Til skoðunar er hvort styrkja þurfi vinnsluheimildir fyrir hinu fyrirhugaða verklagi. Tillögurnar að nýju verklagi felast í því að sýslumanni sé heimilað að afla upplýsinga um viðkomandi hjónaefni með uppfléttingu hjá Þjóðskrá Íslands og eftir atvikum að kalla eftir gögnum hjá sýslumönnum og dómstólum til að staðfesta hver viðkomandi sé, og koma því til skoðunar: fæðingarvottorð, hjúskaparstöðuvottorð og gögn er staðfesta lok fyrir hjúskapar þar sem það á við. Í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á verklagi hefur ráðuneytið haft til skoðunar að leggja til breytingar á 13. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993.

Lagt er til við allsherjar- og menntamálanefnd að felldar verði inn í frumvarpið frekari breytingar á 13. gr. hjúskaparlaga. Verði framangreind breytingatillaga ráðuneytisins felld inn í frumvarpið og samþykkt af Alþingi, þyrfti í kjölfarið að eiga sér stað samráð við innviðaráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið um nánari útfærslu gjaldtöku fyrir vottorð útgefin af Þjóðskrá Íslands og áhrif nýja verklagsins á rekstur stofnunarinnar. Gera má ráð fyrir að rekstrartekjur stofnunarinnar muni lækka vegna þessara breytinga, enda sé söluandvirði vottorða nýtt í dag til að fjármagna rekstur Þjóðskrár Íslands að hluta, sbr. f-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 70/2018 um Þjóðskrá Íslands. Jafnframt þyrfti að breyta reglugerð um könnun hjónavígsluskilyrða yrðu þessar breytingar á hjúskaparlögum samþykktar.

Tillögur til breytinga á frumvarpi (II)

Lagðar eru til frekari breytingar á 13. gr. laganna, en þær sem þegar eru lagðar til í 3. gr. frumvarpsins (sbr. breytingar á 12. og 13. gr. laganna sem lagt er til að haldist óbreyttar).

Til viðbótar við þær breytingar á 12. og 13. gr. sem lagðar eru til í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að 2., 3. og 4. mgr. 13. gr. verði svohljóðandi og þær breytingar taki gildi 1. september 2022:

Hjónaefni skulu lýsa því yfir, með skriflegri yfirlýsingu eða á rafrænu eyðublaði undirrituðu með fullgildum rafrænum skilríkjum, að viðlögðum drengskap að þau viti ekki um tálma á fyrirhuguðum hjúskap sínum. Könnunarmaður krefur hjónaefni til tryggingar um vottorð tveggja áreiðanlegra

svaramanna er bádír ábyrgjast að enginn lagatálmi sé á fyrirhuguðum hjúskap. Sýslumaður getur leyft ef alveg sérstaklega stendur á að vikið sé frá þessu, þar á meðal að aðeins einn svaramaður undirriti vottorð.

Ráðuneytið setur reglugerð um könnun á hjónavígsluskilyrðum, þar á meðal um þau skilríki sem krefja skal hjónaefni um við gæslu þessara skilyrða, svo sem gögn til staðfestingar á fæðingu, hjúskaparstöðu og um lok fyrri hjúskapar frá þar til bæru yfirvaldi. Könnunarmanni er heimilt að afla framangreindra upplýsinga og/eða gagna hjá Þjóðskrá Íslands, sýslumönnum og dómstólum með rafrænum hætti. Framangreindum aðilum ber að veita könnunarmanni rafrænan aðgang að umbeðnum upplýsingum og/eða gögnum búi þeir yfir þeim.

Afli könnunarmaður nauðsynlegra upplýsinga og/eða gagna við könnun hjónavígsluskilyrða skv. 2. másl. 3. mgr., ber honum að upplýsa viðkomandi aðila um fyrirhugaða upplýsingaöflun í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, sbr. 14. gr. reglugerðar Evrópupingsins og ráðsins (ESB) 2016/679.